



Kópavogsbær

Þátttaka grunnskólabarna í starfi Kópavogsbæjar

Samband íslenskra sveitarfélaga, 9. nóvember 2020

Anna Elísabet Ólafsdóttir

Verkefnisstjóri innleiðingar Barnasáttmálans í Kópavogi



Hugmyndir barna um samráðsleiðir

Tengist innleiðingu Barnasáttmálans í Kópavogi.

Aðgerð 3: Verklagi komið á sem tryggir að markvisst sé leitað eftir viðhorfum barna og ungmenna





Aðferðafræði

- Samtöl við börn og ungmenni frá 3. til 10. bekkjar.
- Unnið var í 5-6 manna hópum.
- Börnin veltu efninu fyrir sér, skrifuðu niður og tóku saman niðurstöðu hópsins.
- Tveir hópar voru eingöngu skipaðir börnum af erlendum uppruna.
- Samtöl voru tekin við tvö fötluð börn, annað líkamlega fatlað og hitt með einhverfu. Viðmælandi tók saman svör við sömu spurningum og notaðar voru í hópavinnunni.



Spurningar

Yngsta stig (3. og 4. bekkur)

1. Hvað er gott við að búa í Kópavogi?
2. Hvað gæti verið betra í Kópavogi?
3. Vilt þú tala við þá sem stjórna Kópavogi og segja þeim hvað þér finnst?
- 4. Hvernig heldur þú að væri best að tala við þá sem stjórna Kópavogi um hvað þér finnst gott við Kópavog og hvað þú myndir vilja að væri betra?**

Miðstig (5. – 7. bekkur)

1. Langar þig að hafa meiri áhrif á það sem er gert í Kópavogi?
2. Hvað langar þig að hafa áhrif á?
- 3. Hvernig heldur þú að væri best að segja stjórnendum Kópavogs hvað þér finnst?**
- 4. Hvernig væri hægt að nota tímann í skólanum/félagsmiðstöðinni til að gefa nemendum tækifæri til að segja sína skoðun á því hvernig megi gera bæinn okkar betri?**

Unglingastig (8. - 10 bekkur)

1. Á Kópavogsbær að leita eftir skoðunum barna og ungmenna á málefnum bæjarins?
- 2. Hvaða leiðir myndu henta börnum og ungmennum best til að koma skoðunum sínum á framfæri við bæjarstjórn?**
- 3. Hvernig má gera þátttöku barna í ákvörðunum bæjarins hluta af daglegu skóla- og/eða félagsmiðstöðvastarfi ?**




Nota app og/eða samfélagsmiðla til samskipta og kannana meðal barna.

Nota félagsmiðstöðvar til að ræða saman, taka saman niðurstöður og miðla til bæjarstjórnar.

Hugmyndakassar í skólunum (nafnlausar), taka saman og senda bæjarstjórn.

Börn af erlendum uppruna nefndu sérstaklega að hafa þjóðfundi tvisvar sinnum á vetri.



Halda reglulega fundi, annað hvort í skólanum eða að börnin mæti á fund bæjarstjórnar.

Að hægt sé að senda bréf, tölvupóst eða SMS með ábendingum til bæjarstjórnar

Sendu fulltrúa nemenda á fund bæjarstjóra eftir umræður innan skólanna.



Ábendingar frá líkamlega fötluðu barni



Aðgengi

Aðgengi oft vandamál og hamla því fötluð börn geti lífað eðlilegu lífi og tekið þátt í skiplögðum viðburðum fyrir börn.



Skipulag

Skipulag skólabygginga oft ekki heppilegt fyrir fötluð börn t.d. eru salerni fyrir fatlaða oft lengra í burtu en önnur salerni.



Aðstaða

Aðstaða ekki alltaf góð t.d. eru hurðir á salernum fyrir fatlaða oft þungar og barn í stól getur ekki opnað og t.d. getur verið langt í klósettappírinn, vaskurinn of hár, eða of þröngt til að athafna sig.



Skilningur

Staðsetningar skólastofa langt frá lyftu. Barnið hefur fengið „seint“ í tíma þar sem það var svo lengi að koma sér á milli staða.



Samkomur

Fatlað barn getur ekki alltaf verið með t.d haldin hátíð í skólanum í samvinnu við Unicef sem byggði á líkamlegum verkefnum. Ekki var boðið upp á valmöguleika sem gátu hentað fatlaða barninu.





Ábendingar frá barni með einhverfu



Hávaði

Barni finnst hávaðinn í skólanum óbærilegur, í raun ærandi. Er sérstaklega slæmt í matsal og ekkert einkasvæði til.



Útivist

Barnið upplifir sig óöruggt úti en þar er mikill hávaði en líka stríðni og jafnvel ofbeldi. Vantar meiri stuðning úti.



Aðstaða

Ef barnið þarf frið er bara í boði að fara fram á gang. Ekkert þagnar-rými er til, til að fara í




Skilningur

Barninu hefur verið refsað fyrir að stinga af þegar hávaðinn verður óbærilegur. Vantar skilning meðal starfsfólks.



Íþróttir

Barnið ræður ekki við að taka þátt í hópleikfimi og þarf þá að horfa á. Gott væri að hafa smærri hópa og sérsníða að hreyfifærni barna.





Mögulegt verklag: Þátttaka grunnskóla barna í starfi sveitarfélagsins





Lærdómur

- Börn vilja fá að hafa áhrif og að á þau sé hlustað.
- Bæði börn og fólk sem vinnur með börn ætti að fá þjálfun í virkri hlustun, rökræðum og lýðræðislegri ákvörðun.
- Við val á samráðshópum þarf að tryggja aðkomu barna af erlendum uppruna.
- Að setja á laggirnar ráðgjafahóp fatlaðra barna.



Lærdómur

- Nýta félagsmiðstöðvar betur til að eiga fundi og ræða málefni barna.
- Gæta þarf að því að nemendahópur hvers skóla sé með breiðan bakgrunn, með aðkomu allra kynja og nokkuð jafnri aldursdreifingu.



Framhaldið

- Bæjarstjórn þarf að taka afstöðu til innleiðingar þessa verkferils.
- Sett verður upp rafrænt ábendingakerfi barna:
 - Setjum upp ábendingahnapp á spjaldtölvur barnanna.
 - Ábendingahnappur á heimasíðu.
 - Hægt að kalla eftir ábendingum barna í tilteknum málum með því að nýta ábendingahnappinn.
- Tryggjum að tengiliður barna taki á móti ábendingunum og komi þeim til úrvinnslu.

Pegar allir eru
að leika saman

Hjarta

HVAÐ ÞURFUM VIÐ TIL
ÞESS AÐ OKKUR LÍÐI
VEL INNI Í OKKUR

Hálsinn

Inni í hjartanu

Ekki að vera
að stela

Að leika og ekki að
rifast um dótíð